



FÉLAGSSTÖÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

JÓNAS BJARNASON, TF3JB

ERINDI FLUTT Í SKELJANESI, FIMMTUDAG 10. NÓVEMBER 2022


YFIRLIT

- **Erindið skiptist í fimm hluta:**
- **Sagan.** ÍRA hefur rekið félagsstöð á 6 mismunandi stöðum í Reykjavík frá árinu 1965. Skoðað stuttlega helstu tæki og búnaður á þessum stöðum.
- **Stöðugreining:** Félagsstöðin í dag og búnaður sem er til en óuppsettur.
- **Markmið:** Uppbygging, markmið og greining á núverandi stöðu.
- **Uppfylling markmiða – lýsing verkefna.**
- **Að lokum.**

I. ÍRA HEFUR REKIÐ FÉLAGSSTÖÐ Í 57 ÁR

- ÍRA hefur rekið félagsstöðina TF3IRA frá árinu 1965. QTH hafa verið á þessum stöðum:
- Fríkirkjuvegur 11, 1965-1969 (Vírloftnet).
- Vesturgata 68, 1969-1978 (Vírloftnet).
- Dugguvogur 1.b, 1978-1986 (Vírnet, 2 el. QUAD 10-15-20m, YAGI einsbands loftnet 5el á 10m og 15m, 4 el á 20m).
- I gata 4 (Árbæ), 1986-1995 (Stangarloftnet og vírloftnet).
- Holtavegur 11 (Þróttheimar), 1995-2003 (7 el YAGI 10-15-20m og vírnetið „Olga“).
- Skeljanes (Skerjafjörður), frá árinu 2003 (Stangarloftnet, vírnet, fleirbanda YAGI loftnet og 4 el YAGI á 20m).

MYNDIR – QTH TF3IRA 1965-2022



2. TÆKI OG BÚNAÐUR GEGNUM ÁRIN

- Félagið hefur keypt og átt eftirtaldar HF sendi-/móttökustöðvar (1974-2022): Kenwood TS-520, Yaesu FT-101ZD, Yaesu FT-1000MP, Kenwood TS-2000, Icom IC-7300 og Icom IC-7610.
- Félagið á 2 HF RF magnara: **Harris RF-110A**, 1 kW á 160-10m af AM-3924A / AN/URT-23A(V) gerð með PP-3916A/UR aflgjafa. Tækinu fylgir heimasmiðað stöðvarviðmót (*transceiver interface*). Gefandi: TF3BM (1999).
- **Yaesu VL-1000 og VP-1000 aflgjafi**, 1 kW á 160-10m og 6m. Magnarinn var fjármagnaður með söfnun á meðal félagsmanna (2013) sem TF3SA gekkst fyrir. Alls söfnuðust 328.000 krónur sem 18 félagsmenn gáfu fé til kaupanna.
- Þess má geta að verulegur hluti búnaðar félagsstöðvarinnar hefur verið gefinn af félagsmönnum, auk ómældrar sjálfboðavinnu sem menn hafa innt af hendi til að halda stöðinni gangandi.


MYNDIR – TÆKI OG BÚNAÐUR



3. FÉLAGSSTÖÐIN Í DAG, 2022 – BÚNAÐUR.

- Í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi eru fjögur fjarskiptaborð: A, B, C og VHF/UHF borð.
- **Borð A:** Icom IC-7610 HF+6m / **Borð B:** Icom IC-7300 HF+6m+4m / **Borð C:** Kenwood TS-2000 HF+6m+70cm og **VHF/UHF borð:** Yaesu FT-7900E 2m+70cm og Icom IC-208H 2m (APRS).
- **Loftnet:** Hustler 5-BTV stangarnet 80-40-20-15-10m / OptiBeam OB4-200WA, 4 el Yagi á 20m og HyEndFedAntenna; 78m endafætt vírnet fyrir 160m.
- **Önnur net:** Diamond X-700HN stangarnet fyrir 2m og 70cm og SX-200N stangarnet (fyrir APRS), Yagi loftnet frá M² Antenna Systems: 2MCP14; 14 staka fyrir VHF og 436CP30; 30 staka fyrir UHF (fyrir fjarskipti um gervitungl, önnur en QO-100).

MYNDIR – FJARSKIPTABORÐ A, B, C OG VHF/UHF



4. BÚNAÐUR SEM ER TIL, EN ÓUPPSETTUR

- OptiBeam OBDYA9-A; 9 el Yagi loftnet fyrir 17-15-12-10m.
- Pro.Sis.Tel loftnetsrótor PST-2051D.
- 12m hár þrístrendur loftnetsturn á fæti, m/rótorsæti og topplegu; uppfærður af TF2LL.
- HyEndFedAntenna; sambyggt 80/40m loftnet 2kW (endafæddur vír, 40 metra langur).
- Eftir uppsetningu verður TF3IRA QRV á YAGI loftnetum á: 20–17–15–12–10 metrum.
Á vírnetum á: 160–80–40 metrum.
- Þá vantar loftnet fyrir 30–60–6–4–23cm böndin (einnig vantar stöð sem er QRV á 23cm).

MYND: BÚNAÐUR SEM ER TIL



5. UPPBYGGING TF3IRA – MARKMIÐ

- Markmiðið er að búa TF3IRA aðstöðu og tæknilegar forsendur til að stunda megi fjarskipti frá stöðinni í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra, á sem flestum tegundum útgeislunar, á mismunandi afli og [helst] hvenær sem er sólarhringsins.
- Uppbygging tekur einkum mið af eftirfarandi notum til fjarskipta: (1) Á opnunarkvöldum í Skeljanesi; (2) í fjarskiptaviðburðum félagsins; (3) í alþjóðlegum keppnum; (4) í neyðar-fjarskiptum og (5) sem kennslustöð fyrir nýja leyfishafa.
- Í ljósi nýrrar tækni er stefnt að því að gera félagsmönnum kleift að geta haft aðgang að búnaði stöðvarinnar yfir netið.

6. GREINING Á NÚVERANDI STÖÐU

- Á opnunarkvöldum: Stöðin er frambærileg til notkunar á nokkrum HF böndum, VHF, UHF og um QO-100 gervitunglið.
- Í fjarskiptaviðburðum ÍRA: QRV á öllum keppnisböndum nema á 60m, 80m og 23cm.
- Í alþjóðlegum keppnum: Nánast einvörðungu QRV til einmenningsþátttöku á 20m.
- Í neyðarfjarskiptum: Stöðin er QRV um QO-100 gervitunglið, á 160m og 2m og 70cm.
- Sem kynningar- og kennslustöð: (a) Frambærileg til kennslu sem hluti af námskeiðum ÍRA til amatörprófs og á námskeiðum TF3DC „Fyrstu skrefin“. (b) Einnig frambærileg til kynningar gagnvart gestum og áhugasömum sem langar e.t.v. að sitja næsta námskeið félagsins.

7. UPPFYLLING MARKMIÐA – LÝSING VERKEFNA – I

- Núverandi HF fjarskiptastöðvar félagsins verði notaðar áfram, sem og RF magnarar fyrir HF tíðnir. Það á einnig við um annan búnað, s.s. aflgjafa, hljóðnema, morslykla, lyklaborð, rafrænar fjarskiptadagbækur o.þ.h. Hins vegar þarf að kaupa SVR/PVR mæli á borð B.
- Búnað vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum þarf að bæta. M.a. þarf helst að vera hægt að vinna á sama bandi frá tveimur fjarskiptaborðum í fleirmenningsþátttöku í keppnum frá TF3W. Gerð er tillaga um að stjórn skipi nefnd félagsmanna til að leysa það verkefni.
- Fjárfesta þarf í loftnetum (eða smíða) fyrir 30, 60, 6, 4 metra böndin (meta þarf hvort afla á sendi-/móttökustöðvar fyrir 23cm bandið og setja upp tilheyrandi loftnet).

8. UPPFYLLING MARKMIÐA – LÝSING VERKEFNA – II

- Til undirbúnings, að gera búnað stöðvarinnar aðgengilegan félagsmönnum yfir netið, er gerð tillaga um að stjórn skipi nefnd félagsmanna sem geri tillögur um það verkefni.
- Gerð er tillaga um að útbúin verði verklýsinga fyrir embætti stöðvarstjóra TF3IRA. Í framhaldi skipi stjórn 3 félagsmenn í stöðvarráð (að meðtöldum stöðvarstjóra).
- Gerð er tillaga um að stjórn skipi fastanefnd 3 félaga um undirbúning og þátttöku í keppnum. Nefndin verði jafnframt til ráðgjafar um uppfærslu tækja- og búnaðar hverju sinni.
- Að óbreyttu, eru forsendur til þess að félagsstöðin geti verið orðin frambærileg – að mestu leyti – á árinu 2023.

9. AÐ LOKUM

- Þegar þetta erindi er flutt (10. nóvember 2022) er mikil vinna framundan við að setja upp og ganga frá turni II fyrir nýja OptiBeam YAGI loftnetið – þ.m.t. með nýjum Pro.Sis.Tel rótor, topplegu, fæðilínu og stjórnlínu.
- Næsta verkefni verður uppsetning 80/40 metra endafædda vírloftnetsins.
- Og þar á eftir þarf að kaupa/smíða og setja upp sérhæfðan búnað fyrir keppnisþátttöku.
- Loks þarf að kaupa (og/eða smíða) og setja upp loftnet fyrir 30, 60, 6, og 4 metra böndin og í framhaldi að taka ákvörðun um kaup/uppsetningu á búnaði og loftneti fyrir 23cm bandið.



OG EIN MYND AÐ LOKUM...

